


Bókun stjórnar Vestfjarðastofu vegna hugmynda frystingu framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Stjórn Vestfjarðastofu harmar hugmyndir fjármála- og efnahagsráðherra um frystingu framlaga ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árin 2020 og 2021. Áhrifin munu koma mest fram á útgjaldajöfnunarframlögum, framlögum sem er ætlað að jafna aðgengi íbúa að lögboðinni þjónustu óháð búsetu. Hugmyndin gengur einnig gegn markmiðum stjórnvalda í Bygðaaáætlunar 2018-2023 um jafnan aðgang íbúa að þjónustu.


Áhrifin munu síðan leggjast mjög mismunandi á landshluta og einstaka sveitarfélög og auka þannig enn á aðstöðumun á milli sveitarfélaga í landinu. Þar koma verst út þau sveitarfélög sem eru að sinna dreifbýlum og fámennum svæðum og eða með marga byggðakjarna, en þessi sveitarfélög reiða sig mjög á framlög Jöfnunarsjóðs til að veita þjónustu.

Fram kemur í greiningu í minnisblaði Sambands Íslenskra Sveitarfélaga frá 14. mars sl., að íbúar á Vestfjörðum munu bera hlutfallslega mestu skerðinguna. Þannig skerðast fjárframlög Jöfnunarsjóðs hundrað sinnum meira á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu.



Heimild: Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, Málsnr.: 1901041SA

Áhrifin eru þess mun meiri er horft er til einstakra sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem skerðing framlaga pr.íbúa er frá 30 til 70 þkr á hvern íbúa en um 1 þkr á íbúa á höfuðborgarsvæði.



Heimild: Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, Málsnr.: 1901041SA

Tekjutap sveitarfélaganna á Vestfjörðum er einnig mikið eða verulegt. Hafa sveitarfélögin litla möguleika á að mæta þeim tekjusamdrætti nema með skerðingu á þjónustu eða skerða framkvæmdafé.



Heimild: Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, Málsnr.: 1901041SA

Hér verður að benda á, að uppgangur efnahagslífs undanfarinna ára hefur komið á misjafnan hátt niður eftir sveitarfélögum, samanber skýrslu Bygðastofnunar um hagvöxt landshluta¹. Á þenslusvæðum eru nær undantekningar þéttbýlustu sveitarfélögin sem hafa þá geta nýtt sér hagsveifluna til að efla innviði og þjónustu. Þessi sveitarfélög ættu því að vera betur í stakk búin en önnur til að mæta samdrætti. Því verður að ítreka að áhrif frystingar framlaga mun því auka enn á aðstöðumun fámennra og dreifbýlla sveitarfélaga utan þenslusvæða. Eftir hagvaxtarskeið munu þau hafa lélegri innviði og veikari fjárhag og um leið einna háðust framlögum Jöfnunarsjóðs.

Sveitarfélög á Vestfjörðum skorast ekki undar þeirri ábyrgð sem felst í ábyrgum rekstri sveitarfélaga eða þátttöku í kostnaði við að þjónusta íbúa landsins. En þær hugmyndir sem fram eru komnar um fyrirhugaða skerðingu eru úr öllum takti við sanngjarna úthlutun fjármuna úr sameiginlegum sjóðum. Það geta varla verið hugmyndir ríkisins að íbúar á Vestfjörðum taki á sig hundrað sinnum meiri skerðingu en önnur sveitarfélög um leið og þau hafa í verulegu mæli ekki notið uppsveiflu hagkerfisins á undanförunum árum.

Stjórn Vestfjarðastofu mótmælir því þessum fyrirhuguðu hugmyndum um skerðingu tekna til Jöfnunarsjóðs harðlega og beinir því til fjármála- og efnahagsráðherra að leita annarra leiða til að ná jafnvægi í ríkisfjármálum.

Ísafirði 21. mars 2019

¹ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Hagvoxtur/hagvoxtur-landshluta-2008-2016.pdf>